

67 til á hinum ákveðna þingstað í hreppnum. Með þessu bræfi er engin breyting gjörð á 14. marz takmörkum Stóruborgar þingsóknar sem dómþinghár.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-
ingar.

68 — Brjef landshöfðingja til biskups um sameining Hjaltabakka og Þingeyrar-
24. marz brauða, — Af bræfi yðar, herra biskup, frá í dag og skjali því, er þessu bræfi fylgir, sjest, að presturinn á Höskuldsstöðum, síra Eggert Briem, hafi einkum heilsunnar vegna skorast undan að taka við Holtastadasókn með því 200 kr. eptirgjaldi, sem ákveðið er með 3. grein laga 4. nóvbr. 1881, en að aptur á móti hinn núverandi prestur að Hjalta-
bakka og Holtastöðum hafi tjáð sig fúsan til að taka að sjer Þingeyrarklausturssóknina í stað Holtastadasóknar gegn 300 kr. eptirgjaldi.

Samkvæmt því, er þannig hefir komið fram, er jeg yður samdóma um, að nú megi sameina Þingeyraklausturssókn við Hjaltabakkasókn, og að Holtastadasókn verði fyrst um sinn þjónað af öðrum hvorum nábúaprestanna gegn þóknun samkvæmt 4. gr. hinna almennu launalaga 15. október 1875 eða analogiu þessarar lagaákvörðunar, og býst jeg við, að þóknun þessi verði ákveðin svo, að það 200 kr. eptirgjald í landssjóð, er getur um í nefndri lagagrein, að skuli greiðast í landssjóð, þegar Holtastadasókn er lögð frá Hjaltabakkaprestakalli til Höskuldsstaða, verði galdið fyrir fram af preststekj-
unum af Holtastadasókn.

Þetta er tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

69 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
25. marz verkfrøðing til að stjórna vegagjörð. — Í þóknanlegu bræfi frá 2. p. m. mælið þjer, herra amtmaður, fram með beiðni sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um, að annar af þeim 2 verkfrøðum mönnum, er hann gjörir ráð fyrir að hafi samkvæmt athugasemd-
um fjárlaga nefndarinnar í neðri deild alþingis verið fengnir til að segja fyrir um vega-
gjörðir hjer á landi, verði látinn standa fyrir hinni fyrirhuguðu vegagjörð á Vaðla-
heiði.

Fyrir því, vil jeg tjá yður, að þó jeg sje á því, að það væri æskilegt, að verk-
frøðir menn fengjust til að standa fyrir vegagjörðum hjer á landi, hefi jeg af tilliti til þess kostnaðar, sem slík ráðstöfun myndi hafa í för með sjer, álitid það rjettast að fresta ákvörðun í þessa átt, þangað til ákveðnar tillögur lægu fyrir um störf þau, er menn óskuðu að fela slíkum verkfrøðingum.

Hvað sjerilagi snertir veginn yfir Vaðlaheiði, þá þykir mjer líklegt, að kostnaðurinn við að ráða frá útlöndum forstöðumann fyrir þessu verki muni einn verða hátt upp í þá upphæð, 2000 kr., er með bræfi mínu frá 6. febr. þ. á. hefir verið lögð til að kosta tjeðan veg að öllu leyti, og með því, að jeg gjöri ráð fyrir, að hin nefnda upphæð sje hin minnsta, sem með þarf til að gjöra veg þennan nokkurn veginn færan; en jeg ekki get lagt honum meira fje í ár, en til tekið er, — sje jeg mjer ekki fært sem stendur að taka beiðni sýslumannsins til greina, en vil skora á yður, herra amtmaður, og amtsráð það, er þjer eruð oddviti fyrir, að ihuga, þegar þjer semjið tillögur yðar um vegagjörðir í norður- og austurumdæminu næsta ár, hvort mögulegt sje að verja nokkru af því fje, sem þá mun verða fyrir hendi til að ráða næsta ár verk-
frøðan mann til að segja fyrir um vegagjörðir í amtinu sumarið þar á eptir.